# Reykholt

## Deiliskipulagsbreyting - Reykholtsbrekka og Mosar

Bláskógabyggð




GILDANDI DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR




BREYTTUR DEILISKIPULAGSUPPDRÁTTUR

### GREINARGERÐ

Gerð er breyting á deiliskipulagi Reykholts, greinargerð og skipulagsuppdrætti. Lóðinni Reykholtsbrekku 1 er skipt í tvær lóðir, Reykholtsbrekku 1 og Reykholtsbrekku 1a. Bætt er inn gangstétt vestan við götuna Mosa, milli Miðholts og Kistuholts. Legu gangstéttar innan lóðar Aratungu (Skólavegur 15) er breytt í samræmi við núverandi legu hennar. Svæði sem breytingin nær til er um 0,3 ha.

Breytt deiliskipulag er í samræmi við stefnu í gildandi deiliskipulagi og aðalskipulagi. Að öðru leyti en því sem hér er greint frá gilda skilmálar eldra deiliskipulags með síðari breytingum.

Reykholtsbrekka 1 verður áfram landbúnaðarlóð L3, með þeim heimildum sem gilda fyrir slíka lóð í gildandi skipulagi. Reykholtsbrekka 1a verður íbúðarlóð E1, með heimild til að byggja íbúðarhús og bílskúr á 1-2 hæðum, skv. skilmálum fyrir slíkar lóðir í gildandi skipulagi.

Í greinargerð er gerð breyting á töflu í kafla 4.1.2. Ákvæði fyrir íbúðarlóðir. Aðeins er gerð breyting fyrir einbýlishús E1. Lóðum fjölgar úr 19 í 20. Óbyggðum lóðum fjölgar úr 13 í 14 og fjöldi íbúða eykst úr 19 í 20.

Umhverfisáhrif af breytingunni eru metin óveruleg. Íbúum á næstu lóðum voru kynnt áform um gerð og breytingu á gangstéttum. Skipting Reykholtsbrekku 1 er gerð í samráði við lóðarhafa á nærliggjandi lóðum.

### SAMÞYKKTIR

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur verið kynnt og auglýst skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin var samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar ________

f.h. Bláskógabyggðar

______________________________

- Lóðamörk
- Lóðamörk innri, sveigjanleg staðsetn.
- Landbúnaðarlóðir
- Íbúðarlóðir
- Stofnanalóðir
- Iðnaðarlóðir
- Íþróttasvæði
- Útivistarsvæði / opið svæði
- Byggingareitir
- Mænisstefna
- Núverandi hús
- Gróðurhús
- 43569 Lóðastærð í m²
- 50 Lóð nr
- Götur
- Bílastæði til skýringar
- Gangbraut
- Gangstétt
- Gönguleið
- Fráveita
- H Hreinsivirki
- Vatnsveita
- Hitaveita
- ÁR392 Fornminjar skv. aðalskráningu
- Skipulagssvæði
- Svæði breytingar

N

0 — 100 m




AÐALSKIPULAG BLÁSKÓGABYGGÐAR Í REYKHOLTI 2015-2027 með síðari breytingum. Ekki í kvarða.

SKIPULAGSGÖGN
Gildandi og breyttur deiliskipulagsuppdráttur með greinargerð.

KORTAGRUNNAR
- Ýmis grunngögn frá sveitarfélaginu.
- Hæðarlínur frá EFLU verkfræðistofu.

EFLA

Reykholt
Bláskógabyggð
Deiliskipulagsbreyting - Reykholtsbrekka og Mosar

| VERK: | BLAÐSTÆRÐ: | UNNIÐ: | RÝNT: |
|---|---|---|---|
| 114157 | A3 | IS | AB |
| MÆLIKVARÐI: | DAGS: | DAGS.BREYT: | |
| 1:2000 | 06.01.2026 | | |